

Fundur 21.10.2024 Franskur maður Jack Raquel.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Get ég ekki talað lengi, finn skyldleika við ykkur og vil senda ykkur orku frá öllu mínu samfélagi.

Ég var undir kirkjuvaldinu mjög lengi, en vildi ég aðeins segja ykkur að við erum komin á framfara brautina og er ég einn af fáum sem starfa í Nýölsku samfélagi á okkar hnetti.

Og störfum við eftir fyrirmynd sem er bæði norsk og evrópsk og germönsk, og mikil hamingjan og velmegunin í okkar samfélagi að við erum komin á hina Nýölsku braut, og við höfum samband við Guði okkar og forfeður sem voru eins og þið í útliti og erum við það líka.

Ég er nýkominn inn í þetta starf og sinnti allt öðrum störfum á mínum hnetti, en vissi ég vel um að framlífið væri efniskernt, en var kristinn maður mjög lengi.

Get ég ekki talað lengi, er hér lífið að umbreytast til góðs á hnettinum á Nýölskum grundvelli, franskur maður Jack Raquel.

*Vertu velkominn, ert þú tónlistarmaður ?*

Var það hér áður fyrr, klassiskur, störfum hér, höfum við fyrirmyndir af öðrum hnöttum, norrænir menn og enskir, breskir, framarlega í þessu.

Collins, hef talað við Collins, biður hann að heilsa.

*Takk fyrir það.*

Vona að hann komist í sambandið, ég já, ég starfaði við tónlist og starfaði einnig við félagsmál, og var það mjög kaþólst samfélag okkar á fyrstu framlífs jörðum mínum, er það margvíslegt sem kom þar fyrir.

Og er það all nokkuð síðan ég fór frá jörðinni gömlu, en er þetta nú allt orðið betra og margir eru hnettirnir sem ég hef verið á og sem þjóð mín er búin að dreifast á, og margt af því að segja.

Eru það einnig keltnesk áhrifin í mínum ættum og gegndi ég um stund á nokkrum jörðum, störfum sem ég get ekki verið sáttur við, en læt það allt eiga sig í bili og hyllum við ykkur Íslendinga og vonum að þið kjósið yfir ykkur skynsama leiðtoga núna í kosningum á næstunni, og verð ég nú að kveðja, þakka ég fyrir mig.

Óska ykkur alls góðs og blessunar, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll. Takk fyrir komuna.*